

**Sp.**

**32. Tillaga til þingsályktunar**

[31. mál]

um að reikna út tjón af völdum vinnustöðvana.

Flm.: Jón Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Hagstofu Íslands að reikna út eða áætla tjón af völdum vinnustöðvana. Skal hagstofan í fyrstu reikna út tjón vegna vinnustöðvana á árinu 1961. Framvegis skal hagstofan svo reikna þetta tjón út árlega og birta niðurstöður sínar. Einkanlega skal leitast við að reikna út annars vegar fjölda tapaðra vinnustunda og heildarupphæð tapaðra vinnulauna hjá öllum þeim launþegum, er lagt hafa niður vinnu eða beinlínis misst af vinnu vegna vinnustöðvana, og hins vegar þá skerðingu á verðmæti útflutningsframleiðslunnar. sem ætla má að vinnustöðvanir hafi leitt af sér.

**Greinargerð.**

Öllum er ljóst, að verkföll og vinnudeilur hljóta óhjákvæmilega að kosta fórnir og leiða af sér margháttað tjón, hvað sem ávinningnum af þeim líður. Hér á landi hafa ekki verið haldnar neinar skýrslur yfir vinnustöðvanir og ekki verið rannsakað, hvaða efnahagslegu tjóni þær hafa valdið. Er eðlilegt, að úr þessu verði bætt, þar eð tjón af völdum vinnustöðvana bitnar ekki eingöngu á aðilum vinnudeilunnar, launþegum og vinnuveitendum, heldur engu síður á þeim, sem utan hennar standa, almenningi í landinu, svo og þjóðinni í heild. Í tillögu þessari felst það, að Hagstofa Íslands reikni út þá tvo höfuðþætti þessa tjóns, sem nauðsynlegast er að menn geti gert sér grein fyrir, þ. e. vinnustundatap og launamissi verkafólks og annarra launþega og framleiðsluskerðinguna hjá útflutningsatvinnuvegunum. Vinnustöðvanir valda að sjálfsögðu skaða á öðrum sviðum, en þá þætti tjónsins er torveldara að reikna út og meta.

Það hlýtur að vera æskilegt, að þjóðin geri sér glögga grein fyrir því tapi, sem af vinnustöðvunum leiðir, svo að hún geti metið það réttilega til frádráttar þeim ávinningi eða kjarabótum, er af þeim hlýzt. Mundi þá væntanlega koma í ljós, að í sumum tilfellum eru þeir hagsmunir, sem fórnað er, næstum jafnmiklir eða jafnvel meiri en þeir hagsmunir, sem um er deilt. Óruggar upplýsingar um þessi efni, byggðar á athugunum og útreikningum hlutlausrar og vel hæfrar stofnunar, ættu að verða mönnum hvatning til þess að leita allra ráða til að draga úr því tjóni, sem vinnustöðvanir orsaka í þjóðfélaginu. Helztu ráðin, sem þar kæmu til greina, væru öflug rannsóknar- og upplýsingastarfsemi um efnahags- og kjaramál, stóraukin sáttastörf í vinnudeilum, hlutdeild verkafólks í arði atvinnufyrirtækja og breytt skipulag verkalýðssamtakanna.